

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	29.5.2017
Málsnr:	1702 287
Græfal:	521.1



Berist til skipulagsyfirvalda, Byggingafulltrúa

Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf hefur samið við Ragnar Magnússon sem rekur arkitektastofuna Frostrósir um hönnun á Stuðlaskarði 1-7. Einnig samdi félagið við Kristinn Ragnarson sem rekur arkitektastofuna KrArk um hönnun á Stuðlaskarði 9-15. Þessar stofur vinna mjög náið saman og eru með skrifstofu í sama húsnæði. Einnig eru þar burðaðalshönnuðir New Nordic sem við höfum einnig samið við. Höfum við líka samið við Umsjá vegna rafmagnshönnunar og Ingu Rut í Landslag lóðar.

Við erum mjög meðvitaðir um að útlit húsa á þessum Reitum má ekki vera eins og höfum við því rætt það sérstaklega við hönnuði. Þeir eru auðvitað smitaðir hvor af öðrum vegna samstarfs þeirra í gegn um árin. Við teljum þetta alveg eins vera kost þar sem þeir skoða teikningar hjá hvor öðrum og reyna allt sem þeir geta til að hafa þau ekki eins. Þau verða ávalt lík þar sem deiliskipulag er mjög stíft og allir átta byggingareitir eru nákvæmlega eins í breidd og lengd sem við teljum vera mjög skritið ef krafan er svo stíf á fjölbreytileika. Einnig er þakform ákveðið og svalir snúa auðvitað allar í sólarátt sem gerir öll þessi hús nánast eins. Við ásamt hönnuðum ætlum að hanna þessi hús þannig að þau verði hverfinu prýði um ókomna framtíð.

 Byggingarfélag
Gylfa og Gunnars hf
Borgartúni 31 - 105 Rvík
Kt. 681290-2309
www.bygg.is

Fyrir hönd Byggingafélags Gylfa og Gunnars

Hörður Már Gylfason